

Nr. 56.

10.
nóvbr.

5. gr.

Í samþykkt skal ávalt kveða á um eftirlit með því, að henni sje hlýtt, og hvernig kostnað við það skuli greiða.

6. gr.

Fyrir brot gegn samþykkt má ákveða sektir alt að 500 kr., og skal í samþykktinni ákveða, í hvern sjóð eða til hverra sektirnar skuli renna.

7. gr.

Með brot gegn samþykkt skal farið sem almenn lögreglumál.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 10. nóvember 1913.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

H. Hafstein.

Nr. 57.

10.
nóvbr.

L ö g

um heimild til að veita einkarjett til þess að vinna salt o. fl. úr sjó.

Vjer Christian hinn Tiundi, af guðs náð Danmerkur konungur,

Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,

Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Ráðherra Íslands veitist heimild til að veita Páli Júlíusi Torfasyni í Reykjavík einkarjett um 30 ár til að vinna salt og fleiri efni úr sjó, hvort heldur með fossafl, gufu-afli eða rafmagni, með þeim skilyrðum, er lög þessi setja.

2. gr.

Heimilt skal einkaleyfishafa, með samþykki stjórnarráðs að framselja einkarjett sinn öðrum manni, eða fjelagi, ef maðurinn eða fjelagið er heimilisfast hjer á landi, enda sje hinn nýi leyfishafi háður skilyrðum þessara laga.

3. gr.

Verði fyrirtæki þetta eigi komið á fót þegar 5 ár eru liðin frá dagsetningeinkaleyfisins, getur ráðherra sagt upp einkaleyfinu með árs fyrirvara.

Nú er fyrirtækið að vísu sett á fót, en ekki rekið samkvæmt þeim skilyrðum, sem sett eru í leyfisbrjefinu, og getur ráðherra þá sagt upp einkaleyfinu með sama fyrirvara.

4. gr.

Í einkaleyfisbrjefinu skal stjórnarráðinu áskilinn rjettur til að hafa nauðsynlegt eftirlit með stjórn og rekstri fyrirtækisins á þess kostnað.

5. gr.

Af hreinum ágóða þessa fyrirtækis ber landssjóði þegar í byrjun 5 %.

Nr. 57.

10.
nóvbr.

Einnig greiði leyfishafi frá byrjun 50 aura af hverri smálest af salti, er fyrirtæki hans framleiðir.

6. gr.

Eigi má leggja útflutningsgjald á vörur þær, er leyfishafi framleiðir samkvæmt einkaleyfi þessu.

7. gr.

Þegar einkaleyfistíminn er útrunninn, getur landsstjórnin krafist kaups á öllum eignum fyrirtækisins, með því verði, er dómkvaddir menn meta.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 10. nóvember 1913.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

H. Hafstein.

L ö g

um friðun æðarfugla.

Nr. 58.

10.
nóvbr.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Enginn má drepa æðarfugl af ásettu ráði. Brot gegn því varðar 10 kr. sekt fyrir hvern fugl. Sektin tvöfaldist við hverja ítrekun brotsins alt að 400 kr. Sje fuglinn drepinn með byssuskoti, er byssan upptæk, og rennur andvirði hennar í sveitarsjóð þar, sem brotið var framið.

2. gr.

Enginn má selja eða kaupa æðaregg, nje á nokkurn hátt af hendi láta til annara utan heimilis síns, nema eggskurn til vísindalegra þarfa. Greiða má þó varpeigandi þeim mönnum, er varp hirða, borgun fyrir starf sitt með eggjum, ef þeir óska. Ekki má heldur selja eða kaupa dauða æðarfugla, nje hluta af þeim.

Brot gegn þessu varða 5 króna sekt, sem tvöfaldast við hverja ítrekun brotsins, alt að 200 krónum.

3. gr.

Frá 15. apríl til 15. júlí eru, nema nauðsyn beri til, öll skot bönnuð nær friðlýstu æðarvarpi en 2 km.

4. gr.

Frá 15. apríl til 15. júní má enginn án leyfis varpeiganda leggja hrognkelsanet eða nokkur önnur net nær friðlýstu varplandi hans en $\frac{1}{4}$ km. frá stórstraumsfjörumáli.